

TVÆR AÐDÁUNARVERÐAR RITGERÐIR

I

Ástæða virðist mér til þess að láta í ljósi þakklæti fyrir ritgerð eftir Bjarna Sæmundsson, sem ég var að lesa í „Verði“ áðan. Framúrskarandi náttúrufræðingur segir þar snilldarlega frá athugunum sínum á sjómannalífi og dýralífi, en hvorttveggja ætti oss að þykja fróðlegt mjög. Vonandi er, að Bjarni ætli sér að safna þessum fróðlegu ferðasögum sínum saman í bók, og ekki ólíklegt, að margir mundu vilja eiga það sem bæði er ritað af ágætri þekkingu og af snilld. Tíðkast það nú mjög, í mörgum löndum, að efni bóka komi fyrst í blöðum og tímaritum, sumt eða allt.

II

Önnur aðdánleg ritgerð var í Alþýðublaðinu, ræða eftir prófessor Harald Níelsson. Slíkir menn eru það, sem bjarga kirkjunni, en ekki sautjándu aldar mennirnir. Og ennþá betur munu þesskonar menn geta notið sín, þegar kirkjan hefir breytt um nafn, og heitir: Alþjóðastofnunin fyrir líf-
aflfræði og stjörnusamband (The International Institute for Biodynamics¹⁾ and Interstellar communication). Í þjónustu þeirrar stofnunar munu verða bæði prestar og læknar. Munu prestarnir kenna mönnum heilbrigða lífsskoðun, og veita áreiðanlega fræðslu um framhald lífsins, og hættur þær og erfiðleika, sem bíða hins fáfróða og rangstefnda; en aldrei láta sér til hugar koma, að það geti horft mönnum til heilla, að fá þá til að meta forn ævintýri og bábiljur sem sannleikur væri.

En lækarnir munu geta hjálpað öllum, sem til þeirra

1) eða: Organic Epagodic.

leita, og mun þó starf þeirra verða miklu meir í því falið, að kenna mönnum hvernig þeir geti látið sér fara fram, heldur en í því að gera við bilanir, enda munu þær brátt verða mjög miklu sjaldgæfari en nú. En markmiðið er líkami, sem alltaf fer fram og er ekki háður neinni hrörnun, og heldur ekki þessu herfilega slysi, sem kallað er dauði.

Nóv. '27.